

Alþingi
Erindi nr. P 130/1127
komudagur 25. 2. 2004



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Alþingi
Iðnaðarnefnd
b.t. Elíнар Valdísar Þorsteinsdóttur
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2004

Efni: Uppfinningar starfsmanna, 313. mál

Samtök iðnaðarins vilja koma á framfæri við iðnaðarnefnd Alþingis eftirfarandi ábendingu sem einnig var sett fram við undirbúning lagasetningar um uppfinningar starfsmanna:

Réttarstaða starfsmanna sem sinna rannsóknum og nýsköpun, hvort sem er við háskóla eða hjá einkafyrirtækjum, þarf að vera skýr að íslenskum lögum. Myrkur og óskýrleiki á þessu sviði getur orðið atvinnuppbyggingu fjötur um fót og rýrt traust milli þeirra aðila sem verða að vinna saman svo nýtt fyrirtæki eða ný framleiðsluvara geti orðið til.

Samtök iðnaðarins gera einungis eina efnislega athugasemd við frumvarpið í þeirri gerð sem nú liggur fyrir, enda áttu samtökin fulltrúa í nefnd þeirri sem stóð að samningu frumvarpsins.

Athugasemdin er þessi: SI telja varhugavert að skv. frumvarpinu skuli ekki gert ráð fyrir neinni kæruleið annarri en hinn almennu dómstólaleið. Við teljum að fyrir því séu ríkar ástæður að koma upp slíkri kæruleið og bendum á eftirfarandi atriði:

- (1) reglur á þessu sviði eru nýmæli á Íslandi
- (2) mikilvægasta markmið þeirra er að byggja upp traust milli ólíkra aðila
- (3) til að byggja upp traust þarf að gefast kostur á skjótri og skýrri úrlausn í fyrstu deilumálum sem upp kunna að koma
- (4) sú hættu má ekki vera fyrir hendi að fyrirtæki falli frá þróun hugmynda/vöru af þeirri ástæðu að mála rekstur vegna hugverka sé ótilhlýðilega dýr.

Í ljósi þess að kæruneftndum fjölgar almennt talsvert á Íslandi með tilheyrandi kostnaði fyrir hið opinbera bendum við á að e.t.v. mætti færa kærumál er rísa vegna ætlaðra brota á væntanlegum lögum um uppfinningar starfsmanna undir starfssvið kæruneftndar sem þegar starfar, t.d. áfrýjunarneftndar um hugverk á sviði iðnaðar, Eins og nafnið gefur til kynna er verksvið þeirrar nefndar einkum að fjalla um áfrýjanir ákvarðana Einkaleyfastofu en í 5. tl. 1. gr. reglugerðar um nefndina er samt að finna almennt heimildarákvæði til að taka málskot byggð á öðrum lögum undir verksvið nefndarinnar, sé svo fyrir mælt í lögum sjálfum. Teljum við ástæðu til að gaumgæfa hvort til greina komi að nýta þessa heimild í væntanlegum lögum um uppfinningar starfsmanna.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Krístrún Heimisdóttir
lögfræðingur